

## SAMSTARFSNEFND SKÍÐASVÆÐA HÖFUÐBORGARSVÆÐISINS

Ár 2017, þriðjudaginn 31. janúar var haldinn 357. fundur Samstarfsnefndar skíðasvæða höfuðborgarsvæðisins. Fundurinn var haldinn á Höfðatorgi, 3. hæð Arnarholti og hófst kl. 09:05. Mættir: Eva Einarsdóttir formaður, Magnús Örn Guðmundsson Seltjarnarnesi, Björg Fenger Garðabæ, Anný Berglind Thorstensen Kópavogi og Pétur Óskarsson Hafnarfirði. Kolbrún G. Þorsteinsdóttir Mosfellsbæ boðaði forföll. Jafnframt: Magnús Árnason framkvæmdastjóri skíðasvæðanna og Helga Björnsdóttir skrifstofustjóri sem ritaði fundargerð.

### Þetta gerðist:

1. Lagt fram bréf bæjarstjórnar Kópavogsbæjar dags. 15. des. sl. þar sem fram kemur að fulltrúi Kópavogs í samstarfsnefndinni verði áfram Anný Berglind Thorstensen og Ármann Kr. Ólafsson til vara.
2. Lagt fram bréf Innri Endurskoðunar dags. 26. janúar sl. varðandi úttekt á Skíðasvæðum höfuðborgarsvæðisins. Innri Endurskoðun bendir á að æskulegt er að gerð sé fjárfestingaráætlun til nokkurra ára í senn.
3. Rætt um snjóflóð og hættu sem getur skapast af þeim í Bláfjöllum. Framkvæmdastjóri upplýsti hvernig umið er eftir áætlun um eftirlit, viðbúnað og aðgerðir vegna snjóflóðahættu. Samstarfsnefnd skíðasvæðanna hvetur Veðurstofuna til að flýta gerð snjóflóðaáættumats.
4. Framkvæmdastjóri sagði frá stöðunni í fjöllumunum. Lyfturnar Kóngurinn og Drottningin biluðu báðar á laugardaginn. Stefnt er á opnun í Skálafelli um næstu helgi.

Fundi slitið kl. 10:00.

Eva Einarsdóttir

Björg Fenger  
Magnús Örn Guðmundsson

Pétur Óskarsson  
Anný Berglind Thorstensen